

Nr. 57.
30.
júli.

Lög

um

breyting á lögum nr. 3, 4. febr. 1898 um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Holdsveikir menn, sem líkþráir eru (með »lepra tuberosa« eða »lepra mixta«) skulu allir settir í holdsveikraspítalann, svo fjótt sem rúm leyfir.

Holdsveikir menn, sem limafallssjúkir eru (með »lepra anæsthetica«) skulu og settir í holdsveikraspítalann, þegar hjeraðslæknir telur nauðsyn á því vegna sára eða annars lasleika.

Sveitarómögum holdsveikum utan spítala skal komið fyrir á þann hátt, að sem fylst trygging sje fyrir því, að farið verði eftir fyrirmælum 4. gr. laga nr. 3, 4. febr. 1898.

Börnum holdsveikra foreldra, þeirra er sveitarstyrks njóta, skal jafnan komið í fóstur á önnur heimili.

Ekki má sveitarstjórn setja sveitarlimi niður á heimili, þar sem holdsveikir eru fyrir, nema læknir leyfi.

2. gr.

Kostnað allan við veru holdsveikra í holdsveikraspítalanum skal greiða úr landssjóði, svo og flutning þeirra í spítalann.

3. gr.

Með lögum þessum eru feldar úr gildi 7., 8. og 10. gr. laga nr. 3, 4. febr. 1889.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalínborg, 30. júli 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jónsson.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Nr. 57.

30.
Juli.

Forandring i Lov Nr. 3 af 4. Febr. 1898 om spedalskes Afsondring og Indlæggelse paa offentlig Hospital.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg.

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Alle spedalske, der lider af lepra tuberosa eller lepra mixta, ville være at indlægge paa Hospitalet for spedalske saa snart Pladsen tillader.

Spedalske, der lider af lepra anæsthetica, ville ogsaa være at indlægge paa Spedalskhedshospitalet, naar Distriktslægen paa Grund af Saar eller anden Sygdom finder det nødvendigt.

Spedalske Fattiglemmer, der ikke ere indlagte paa Hospitalet, ville være at anbringe saaledes, at der saa vidt muligt haves Sikkerhed for Efterlevelse af de i Lov Nr. 3 af 4. Febr. 1898 § 4 indeholdte Forskrifter.

Børn af spedalske Forældre, der modtage Hjælp af Fattigvæsenet, skulle altid anbringes til Opfostring i andre Hjem.

Uden Lægens Samtykke maa Kommunalbestyrelsen ikke anbringe Fattiglemme i Hjem, hvor der i Forvejen forefindes spedalske.

§ 2.

Alle Udgifter ved de spedalskes Ophold paa Spedalskhedshospitalet saavel som ved Indsendelsen til Hospitalet udredes af Landskassen.

§ 3.

Ved denne Lov ophæves §§ 7, 8 og 10 i Lov Nr. 3 af 4. Febr. 1898.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 30. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jonsson.

Islands Ministerium, den 30. Juli 1909.

Björn Jonsson.

Jon Krabbe,
kst.